

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690Vopnafjörður

Reykjavík 9. desember 2020  
UST202011-255/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 – og nýtt deiliskipulag - veiðihús Ytri Hlíð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 og nýju deiliskipulagi fyrir veiðihús í Ytri Hlíð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði þar sem í dag er landbúnaðarland fyrir veiðihús í landi Ytri Hlíðar, skilgreina vatnsverndarsvæði vegna nýs brunnsvæðis fyrir neysluvatn og skilgreina aðkomuveg og efnisnámu til vegagerðar.

Auk þess kemur fram að heildar byggingarmagn fyrir veiðihúsið er 950 m<sup>2</sup>.

**Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar (bls. 10) kemur fram að engin verndarsvæði eru á svæðinu eða í næsta nágrenni, en á mynd 4.2 er yfirlit yfir votlendissvæði sem falla undir sérstaka vernda náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar (bls. 19) kemur fram að ekki er unnt að meta áhrif veglagningar að fullu þar sem ekki hefur verið ákveðin endanlega lega hans. Auk þess kemur fram að áhrif breytingarinnar á loftslag eru óljós. Einnig kemur fram að óljóst er hver áhrif vatnstöku á votlendi, yfirborðs- og grunnvatn er á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um votlendið í deiliskipulagstillögunni og áhrif tillögunnar á það, en það er mikilvægt að fjallað sé um votlendið í tillögunni. Að mati stofnunarinnar getur tillagan haft neikvæð áhrif á votlendið.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskunina, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingum sem verða fyrir röskun.

### **Vistgerðir og fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og runnamýrarvist á láglandi sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.


**Efnistaka**

Umhverfisstofnun bendir á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni [namur.is](http://namur.is).



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur